


Alþingi
Erindi nr. P 131/631
komudagur 17.12.2004



Reykjavík, 10. desember 2004


Umsögn um frumvarp til laga um græðara
Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004-2005.

Frumvarp til laga um græðara er skref í rétta átt að því markmiði laganna að stuðla að öryggi þeirra sem leita eftir eða nýta sér heilsutengda þjónustu græðara og að tryggja gæði þjónustunnar eftir því sem kostur er.

Víða erlendis s.s. á hinum Norðurlöndunum og Bretlandi er heilbrigðisþjónusta þeirra sem stunda heilbræna meðferð viðurkennd af yfirvöldum. Nú þegar er fjöldi græðara með ýmiskonar nám að baki starfandi hérlandis.

Viðurkenning stjórnvalda á ólíkum leiðum að heilbrigði ætti að stuðla að fjölbreytni í valkostum á heilbrigðisþjónustu sem er til hagsbóta fyrir almenning. Ennfremur er við því að búast að lagasetning um þennan málaflokk styrki starfsemi þeirra sem sannarlega hafa áunnið sér réttindi til að starfa að heilsutengdri þjónustu græðara.

Virðingarfyllt
f.h. Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa


Racel Eiríksson,
framkvæmdastjóri SÍF